

Nr. 084 / 11 Sæljós GK 2**Vélarbilun og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 1315
Smíðaður: Akureyri 1973 Eik
Stærð: 23,9 brl. 26 bt.
Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,74 m
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Scania 214 kW 1987
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Sæljós ©Hafþór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. júní 2011 var Sæljós GK 2 á handfæraveiðum í Faxaflóa um 15 sml norður af Garðskaga. Veður: 3-5 m/sek.

Þegar skipstjóri hugðist gangsetja vélina, til að kippa á veiðislóðinni, startaði ekki og reyndist startgeymasettið rafmagnslaust. Nýta átti rafmagn af öðrum rafkerfum en þau voru svo straumlítill að vélin fór ekki í gang. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og kom bátur af veiðislóðinni og dró Sæljós GK fyrsta spölinn en björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein tók síðar við drættinum til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn rafvirkja hafði bilað díóða sem á að sjá til þess að straumur flæði aðeins í aðra áttina. Vegna bilunarinnar lak straumurinn til baka af báðum rafgeymasettum út í gegnum rafalinn þegar vélin var stopp;
- að venjulega stendur díóða „opin“ (gefur ekki samband) þegar hún bilar og lekur því ekki straumur til baka í gegnum rafalinn en í einstaka tilfellum getur hún verið „lokuð“ (tengir saman) þegar hún bilar með fyrrgreindum afleiðingum.

Nefndarálit:

Orsök rafmagnsleysis var biluð díóða í rafrásinni.